

9. Kálholt í Rángárvalla prófastsdæmi	200 kr.
10. Staður í Grindavík í Kjalarness prófastsdæmi	300 —
11. Lundur í Borgarfjarðar prófastsdæmi	150 —
12. Hestsþing í Borgarfjarðar prófastsdæmi	150 —
13. Hvammur í Mýra prófastsdæmi	100 —
14. Skarðsþing í Dala prófastsdæmi	200 —
15. Garpsdalur í Barðastrandar prófastsdæmi	200 —
16. Gufudalur í Barðastrandar prófastsdæmi	200 —
17. Sauðlauksdalur í Barðastrandar prófastsdæmi	200 —
18. Álptamýri í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi	100 —
19. Kirkjubólþing í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi	200 —
20. Staður í Aðalvík í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi	400 —
21. Ögurþing, til þess að þjóna Eyrarsókn, meðan brauðið er óveitt	100 —
22. Staður í Grunnavík í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi	250 —
23. Tröllatunga í Stranda prófastsdæmi	200 —
24. Tjörn og Vesturhópshólar í Húnavatns prófastsdæmi	100 —
25. Hvammur og Keta í Skagafjarðar prófastsdæmi	300 —
26. Goðdalir í Skagafjarðar prófastsdæmi	200 —
27. Knappstaðir í Skagafjarðar prófastsdæmi	200 —
28. Fell í Skagafjarðar prófastsdæmi	300 —
29. Miðgarður í Grimsey í Eyjafjarðar prófastsdæmi	200 —
30. Hvanneyri í Eyjafjarðar prófastsdæmi	200 —
31. Kvíabekkur í Suðurþingeyjar prófastsdæmi	200 —
32. Þönglabakki í Suðurþingeyjar prófastsdæmi	300 —
33. Lundarbrekka í Suðurþingeyjar prófastsdæmi	200 —
34. Presthólar í Norðurþingeyjar prófastsdæmi	250 —

Allar hinar ofanefndu upphæðir eru veittar fyrir fardaga árið 1881-82, og verða þær greiddar úr jarðabókarsjóði að helmingi 1. dag júlímán þ. á. og að hinum helmingnum 1. desember s. á.

Þetta er hjermeð í sambandi við brjef mitt frá 14 f. m.¹ um styrk handa Bergstaða prestakalli tjáð yður, herra biskup til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um leyfislausu dvöl húsmanns, fyrir utan fœðingarhrepp sinn. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Austur-Landeyjahreppi á úrskurði yðar frá 15. desbr. 1879 um sveitfesti Bjarna nokkurs Björnssonar í Reykjavík, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda það, er hjer segir:

Með bæjarþingsdómi frá 12. febr. 1879 hefir nefndur Bjarni verið dæmdur í 10 kr. sekt samkvæmt 12. gr. tilsk. 27 maí 1864 fyrir að hafa 10 árum áður sezt að í tómthúsmennsku í Reykjavík, án leyfis hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

1) Með brjefi þessu var prestinum að Bergstöðum síra Stefáni M. Jónssyni veitt 200 kr. launauppbót um fardagaárið 1880-1881.

Hinn 6. maí 1881.

37
 24. marz Hreppsnefndin hefir nú álitid, að dómur þessi sje eigi á góðum rökum byggður og að þvert á móti hafi undir málinu komid fram nægilegar líkur fyrir því, að Bjarni hafi óðlæzt húsmennskuleyfi, áður en hann settist að í Reykjavík, en um það atriði verður ekki dæmt hjer, þar sem búid er að gjöra út um það með hjeradsdómi, og verður honum að eins breytt með áfrýjun til yfirdómsins. Með því nú að dvöl Bjarna í Reykjavík frá árinu 1868 eða 1869 hefir samkvæmt hjeradsdómnum og 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 verið ólögleg, með því að hann, fyrr en hann settist að í húsmennsku í Reykjavík að eins var búinn að dvelja þar í 1—2 ár, með því að hann haustið 1877 þáði styrk úr sveitarsjóði Reykjavíkur, og með því að hann hvergi annarstaðar en þar hefir haft 10 ára samfleytta dvöl, síðan hann var 16 ára gamall, verður hann nú að teljast sveitlægur í fœðingarhreppi sínum Austur-Landeyjahreppi. Eptir þessu verður ónaudsynlegt að rannsaka, hvort lán það, er hreppsnefndaroddivitinn í Austur-Landeyjahreppi veitti Bjarna árið 1876 geti álitizt sveitarstyrkur, og skal úrskurður sá, er þjer herra amtmaður hafið lagt á þetta mál, óraskaður standa.

38 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um úr-
 24. marz skurð hjeradsnefnda á kirkjureikningum — Í brjefi frá 14. desbr. fyrra árs hafið þjer, herra amtmaður, spurzt fyrir um, hvort reikningar kirkna þeirra, er landssjóðurinn á í Vestur-Skaptafellssýslu, eigi samkvæmt lögum um stjórn safnaðamála og skipun sóknarnefnda og hjeradsnefnda frá 27. febr. 1880 11. gr. að leggja fyrir hjeradsnefndirnar til umrœðu og úrskurðar, þegar búid er að endurskoða þá. Eptir að hafa leitað ummæla biskupsins yfir Íslandi einkum að því, er snertir þýðingu spurningar þessarar fyrir aðrar kirkjur landssins, en þær er landssjóðurinn á, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir umboðsmanni Kirkjubæjar og Þykkva-
 bæjarklausturs, það sem hjer segir.

Ákvörðun sú í 11. gr. nefndra laga, er hjer rœðir um, stendur í nánu sambandi við 8. gr. laganna, sem ákveður, að ef fjemál kirkju eru fengin sófnuði í hendur, skuli sóknarnefndin einnig hafa á hendi umsjón yfir kirkjunni og eigum hennar, og var lagafrumvarp í þessa stefnu lagt fyrir alþingi 1879, en fellt. Henni verður því að svo stöddu ekki komid við í öllum atriðum sínum, þar eð ekki er með nefndum lögum gjörð nein breyting á ákvörðunum þeim, sem hingað til hafa verið í gildi um endurskoðun þá og úrskurð á kirkjureikningunum, sem framkvæmdur er af landshöfðingja að því er snertir kirkjur þær, er landssjóðurinn á, og af biskupi með tilliti til annara kirkna landsins. Þó ákvarðanirnar í 11. gr. laganna þannig ekki geti átt við fullnaðarúrskurð kirkjureikninganna, virðist samt sem áður ekkert því til fyrirstöðu, að hjeradsfundunum verði gefið tækifæri til að kynna sjer hina árlegu reikninga kirkna þeirra, er landssjóðurinn á, og að inni skýrslu þá, um gjörðir fundarins, sem samkvæmt 12. gr. laganna ber að senda biskupi, og þar sem á að geta um bæði ákvarðanir meiri hlutans og ágreiningsatkvæði minni hlutans, sjeu teknar þær athugasemdir, sem hjeradsfundurinn finnur tilefni til að gjöra við reikningana, svo að tillit geti orðið tekið til þeirra, þegar reikningarnir eru úrskurðaðir.

Jeg vil því skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir fjárhaldsmann hinna umrœddu kirkna í Vestur-Skaptafellssýslu, er landssjóðurinn á, að senda prófastinum í nefndri sýslu, til framleggingar fyrir hjeradsnefndina, eptirrit eptir reikningunum um leið, og hann sendir þá hingað til endurskoðunar, og úrskurðar.